

Fundargerð

78. stjórnarfundur FHA haldinn 5. nóv. 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Kristján Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir (RLB) og Auðbjörg Björnsdóttir (AB). Aðrir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Kjaramál

Farið var yfir stöðuna í kjaramálum og þeim fundum sem hafa átt sér stað með SNR. Viðræður hafa gengið nokkuð vel og því leggur formaður til að aðgerðum verði frestað að sinni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Störf á undanþágulista að beiðni rektors

Lagt fram til kynningar. Rektor hefur óskað eftir því að launafulltrúa verði bætt á lista Háskólans á Akureyri yfir það starfsfólk sem ekki er heimilt að fara í verkfall. Fyrir á þessum lista er framkvæmdastjóri.

3. Önnur mál

- a) Fjórar umsóknir í námssjóð FHA. Samþykkt með fyrirvara um réttmæti.
- b) ÓF lagði til að börnum flóttamanna sem munu koma hér til Akureyrar verði gefnin gjöf frá félaginu. Tillagan var samþykkt og verður útfærð nánar á komandi dögum/vikum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:15

Hjördís Sigursteinsdóttir, fundarritari.